



# ALZHEIMER SAMTÖKIN Á ÍSLANDI

## **Fundargerð aðalfundar Alzheimersamtakanna haldinn 12. maí 2021, kl. 17:00. Fundurinn er haldinn á Zoom.**

### **1. Setning fundar.**

Árni Sverrisson, formaður Samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann sagði fundinn haldinn við óvenjulegar aðstæður sem við hefðum ekki upplifað áður og þar af leiðandi haldinn á Zoom.

### **2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Árni stakk upp á Bjarna Arthurssyni sem fundarstjóra og Fríðu Proppé sem ritara fundarins. Enginn hreyfði við því andmælum.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og byrjaði á að kynna fyrirkomulag fundarins. Allir sem skráðu sig á fundinn hafa fengið aðgang. Við upphaf fundarins voru 13 nettengdir og sex í myndverinu, allir með lögmæta fundarsetu. Þá kannaði hann lögmæti fundarins. Hann var boðaður með pósti 20. apríl sl. og síðar ítrekaður. Auk þess var hann auglýstur á heimasíðu samtakanna. Löglega var boðað til fundarins og hann því lögmætur.

### **3. Skýrsla stjórnar.**

Árni Sverrisson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Fundarstjóri þakkaði Árna flutninginn. Skýrslan er birt á heimasíðu Alzheimersamtakanna. Sjá [hér](#).

Fundarstjóri tilkynnti að næstu tveir liðir, 4. og 5. liðir, verði ræddir og afgreiddir saman.

### **4. Endurskoðaðir ársreikningar samtakanna lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.**

### **5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda skýrðir og afgreiddir.**

Framkvæmdastjóri, Vilborg Gunnarsdóttir, gerði grein yfir ársreikningum en hægt er að nálgast reikningana á skrifstofu samtakanna. Þar kom m.a. fram að fyrirkomulagi var breytt til einföldunar. Ennfremur kom fram að þrátt fyrir erfitt tímabil vegna Covid á sl. ári er afkoma samtakanna góð.

Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársreikninga samtakanna fyrir árið 2020. Þeir voru samþykktir samhljóða.

## 6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

Ólína Jónsdóttir forstöðumaður Maríuhúss kynnti skýrslur félagsdeilda. Þar kom m.a. fram að miklar breytingar og aukið álag var á starfsemi allra húsanna vegna Covid. Allt gekk þó vel og húsinn opin allt árið. Ólína notaði tækifærið og þakkaði starfsfólki og aðstandendum fyrir dugnað og ósérhlífni við þessar aðstæður. Það kom ennfremur fram að aðstandendur hikuðu við að þiggja pláss á hjúkrunarheimilum þar sem heimsóknarbönn voru ríkjandi. Hjúkrunarþyngd var því meiri og minni hreyfing á vistmönnum. Glæsur sem Ólína notaði við kynninguna eru birtar á heimasíðu samtakanna. Sjá [hér](#).

Fundarstjóri þakkaði greinagóða skýrslu og bauð fundarmönnum að tjá sig og bera fram fyrirspurnir. Engin bað um orðið.

## 7. Lagabreytingar.

Eftirfarandi lagabreytingartillögur lágu fyrir fundinum: (Ath. Nýr texti er feitletraður og skáletraður. Texti sem fellur út er yfirstrikaður.)

Fundarstjóri gaf Vilborgu orðið en hún kynnti tillögur til lagabreytinga. Þær tengjast nýrri framsetningu á reikningum samtakanna. Tillaga 1 snýr að 5. gr. og er svohljóðandi.

### Tillaga 1

Í 5. gr. laganna um fasta liði á aðalfundi félagsins verði gerðar eftirfarandi breytingar:

Liður 4 og 5 verði felldir niður.

~~4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.~~

~~5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda skýrðir og afgreiddir.~~

Liður sem áður var númer 6 verður nr 4. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

Bætt verði inn sem lið 5. *Ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.* Númeraröð þeirra liða sem á eftir koma breytast til samræmis.

1. Setning fundarins.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

5. *Ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.*

6. Lagabreytingar.

7. Kosning stjórnar.

8. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga.

9. Ákvörðun um árgjald.

10. Önnur mál.

Tillagan er samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Já sögðu 85%, 15%, greiddu ekki atkvæði. Enginn mótatkvæði bárust.

## **Tillaga 2**

Vilborg ítrekaði við kynningu á tillögu 2 að ekki væri verið að fella niður kennitölur, einvörðungu einfalda reikningshald. Fjárreiðum og niðurstöðutölum verði áfram haldið aðgreindum. Tillagan er svofelld:

Í 9. grein um félagsdeildir bætist við í þriðju málsgrein:

Hver félagsdeild skal vera með hjúkrunarfræðimenntaðan forstöðumann sem hefur faglega ábyrgð og sér um daglegan rekstur viðkomandi dagþjálfunar. *Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum. Rekstur félagsdeilda skal sýndur sérstaklega í ársreikningi félagsins.* Endanleg fjárhagsleg ábyrgð á rekstri félagsdeildanna er á ábyrgð Alheimersamtakanna *og skulu allar meiriháttar ákvarðanir deilda teknar af stjórn félagsins.*

Út fellur í staðinn:

~~félags~~ í 4. setningu málsgreinarinnar.

og

~~Hver félagsdeild hefur aðskilinn fjárhag og kennitölu. Endanleg fjárhagsleg ábyrgð á rekstri deildanna er á ábyrgð Alheimersamtakanna.~~

og

~~Félagsdeildir hafa tekjur af daggjöldum sem greidd eru samkvæmt þjónustusamningum við ríki og/eða sveitarfélög. Félagsdeildir greiða allan rekstrarkostnað við dagþjálfun. Allar meiriháttar ákvarðanir deilda skulu teknar af stjórn félagsins.~~

Tillagan var borin undir atkvæði. Einn greiddi atkvæði gegn tillögunni, einn greiddi ekki atkvæði, en aðrir sögðu já. Tillagan var því samþykkt með 85% atkvæða.

## **8. Kosning stjórnar:**

Kjör formanns.

Að sögn fundarstjóra gefur Árni Sverrisson, sem gegnt hefur embætti formanns sl. sjö ár, ekki kost á sér til formanns að nýju. Ragnheiður Ríkharðsdóttir stjórnarmaður gefur kost á sér til embættis formanns. Þar sem enginn annar bauð sig fram lýsti fundarstjóri hana réttkjörna sem formann samtakanna. Fundarmenn klöppuðu fyrir Ragnheiði.

Fjórir stjórnarmenn og tveir varamenn, auk formanns, sitja í stjórn. Ár hvert eru tveir aðalmenn kjörnir til tveggja ára í senn. Brynjólfur Bjarnason og Fríða Proppé voru kjörin til tveggja ára 2020 og sitja því áfram í stjórn.

Frestur til að gefa kost á sér til stjórnarsetu rann út í lok mars. Guðbjörg Alfreðsdóttir stjórnarmaður gefur kost á sér áfram til setu næstu tvö ár. Árni Sverrisson fráfarandi formaður býður sig fram til setu í stjórn. Þar sem enginn bauð sig fram gegn þeim voru þau lýst réttkjörnir stjórnarmenn til næstu tveggja ára.

Tveir varamenn í stjórn gefa ekki kost á sér áfram, þau Guðlaug Guðmundsdóttir og Jón Helgason. Í þeirra stað gefa kost á sér Ragnheiður Elín Árnadóttir og Sigurjón Þórðarson sem varamenn til eins árs. Þau eru réttkjörnir varamenn til eins árs þar sem engir aðrir buðu sig fram.

#### **9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.**

Núverandi skoðunarmenn reikninga þau Kristinn Jörundsson og Ragna Þóra Ragnarsdóttir gáfu bæði kost á sér til áframhaldandi starfa. Þar sem aðrir gáfu ekki kost á sér, teljast þau réttkjörin til eins árs.

#### **10. Ákvörðun um árgjald.**

Fram kom tillaga frá stjórn um óbreytt árgjald, kr. 3.000. Ekki kom fram tillaga um annað þannig að tillaga stjórnar, kr. 3.000.-, telst samþykkt.

#### **11. Önnur mál.**

Nýkjörinn formaður, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, tók til máls. Hún sagði m.a.: „Ég stend hér auðmjúk og þakka það traust að kjósa mig sem formann samtakanna. Ég mun leggja mig fram um að sinna því starfi af einurðu og heilindum.“ Hún sagði enn fremur að það yrði ekki auðvelt að feta í fórsþor Árna Sverrissonar en ljóst væri að ekki yrði bylting í stjórn. Hún þakkaði síðan Árna vel unnin störf sl. sjö ár og bað fundarmenn að gefa honum gott klapp. Þá tók Ragnheiður undir þakkir formanns til starfsmanna á skrifstofu og heimilunum og ítrekaði að allt það starf hefði verið ómetanlegt fyrir skjólstaðinga okkar. Hún sagði að lokum: „Ég segi eins og flestir nýkjörnir formenn. Ég hlakka til að sinna þessu starfi og með ykkar hjálp, kæra stjórn og starfsfólk, þá mun það takast.“

Fundarstjóri lýsti ánægju sinni með það starf sem unnið væri innan samtakanna eins og komið hefði fram í skýrslum á fundinum. Hann kvatti til þess að efni þeirra yrði komið á framfæri við fjölmiðla. Hann gaf síðan fráfarandi formanni orðið til að slíta fundinum.

Árni þakkaði fundarstjóra og fundarrita fyrir þeirra störf og óskaði nýkjörnum formanni og stjórninni til hamingju með kjörið. Hann sagði að það yrði áhugavert að sitja áfram með þessum hópi. Framundan færu áhugaverð og krefjandi verkefni og að við þyrftum að taka á þeim, samhent. Hann sagði síðan. „Eftir sjö ára formennsku eru margar minningar. Ég tel mig hafa átt gott samstarf við alla. Það hefur stundum gefið aðeins á bátinn eins og gengur og gerist og lífið býður upp á en okkur hefur alltaf tekist að vinna okkur út úr öllum málum sem við höfum þurft að glíma við. Ég er nokkuð stoltur af árangrinum og vil þakka hlý orð í minn garð. Ég hlakka til að starfa áfram í stjórninni og taka á því sem er framundan. Ég segi þessum fundi slitið. Takk fyrir.“

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.53.**